

Ed.

245. Tillaga

til þingsályktunar um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að greiða úr ríkissjóði ferðastyrk þeim nemendum gagnfræðaskólans á Akureyri, sem hafa í hyggju að taka stúdentspróf við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík á næstkomandi vori.

Ástæður.

Sameinað Alþingi hefir felt tillögu um að skora á stjórnina að láta stúdentspróf fram fara í gagnfræðaskólanum á Akureyri á næsta vori, enda kom það fram í umræðunum, að það hefði verið tilgangslaust, vegna afstöðn háskólaráðsins til málsins. Til þess að ráða bót á þessu fyrir fátæk stúdentaefni er til laga þessi borin fram, en ekki er ætlast til, að hún nái til annara en þeirra, sem stnndað hafa framhaldsnám við gagnfræðaskólann á Akureyri.